

55. gr.

Það skal vera aðalregla að hver fjáreigandi hafi aðeins eitt fjármark.

Nú telur fjáreigandi sig þurfa að eiga tvö fjármörk, og má þá markavörður leyfa það, ef honum þykir ástæða til. En hver fjáreigandi, sem á tvö fjármörk, skal greiða tvöfalt fyrir skrásetningu eða prentun síðara marksins.

IX. KAFLI

Almenn ákvæði.

56. gr.

Héraðsnefnd sér um, að samþykkt þessi sé prentuð og innheft með markaskránni.

57. gr.

Um brot gegn ákvæðum þessarar samþykktar skal fara að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi sem héraðsnefnd Norður-Þingeyjarsýslu hefur samið, staðfestist hér með samkvæmt lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld fjallskilareglugerð fyrir Norður-Þingeyjarsýslu austan Jökulsár nr. 208 28. júní 1974.

Landbúnaðarráðuneytinu, 15. mars 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

til breytinga á reglugerð nr. 7/1996 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 21. gr. komi ný málsgrein er orðist svo:

Til að lágmarka gengisáhættu og vaxtaáhættu skal stjórn Þróunarsjóðs sjávarútvegsins, eftir því sem unnt er tryggja að gengisþróun heildarskulda sjóðsins umfram eignir í erlendri mynt endurspegli gengisþróun opinberrar myntkörfu Seðlabanka Íslands eins og hún er á hverjum tíma. Til að ná því markmiði er stjórn sjóðsins heimilt að gera framvirka gjaldmiðla-samninga, vaxtaskiptasamninga og gjaldmiðlaskiptasamninga. Þá er henni einnig heimilt að kaupa valkvæðasamninga (þ.e. options).

2. gr.

Reglugerð þessi tekur þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 18. mars 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Arndís Steinþórsdóttir.